

Borgarstjórn
18. september 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að afsláttur á leikskólagjöldum eigi einnig við um gjöld á frístundaheimilum

Lagt er til að sá afsláttur sem námsmenn, einstæðir foreldrar og öryrkjar geta fengið af leikskólagjöldum barna sinna, nái einnig til gjalds vegna dvalar barna á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Á vefsvæði Reykjavíkurborgar kemur fram að afsláttur sé veittur af leikskólagjaldi vegna ýmissa ástæðna. Einstæðir foreldrar, námsmenn og öryrkjar eiga til að mynda rétt á afslætti. Ofangreindur afsláttur er hinsvegar ekki til staðar inni á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar sem gerir mörgum foreldrum í erfiðri efnahagslegri stöðu enn erfiðara fyrir. Þó að frístundakortið standi öllum foreldrum barna, sex ára og eldri, í Reykjavík til boða og hægt sé að nota það til greiðslu fyrir dvöl barna á frístundaheimilum, þá er nauðsynlegt að nota það til annars, fyrir fjölbreytilegra starf sem börn kunna að hafa áhuga á. Líkt og fram kemur á vef Reykjavíkurborgar er markmið og tilgangur frístundakortsins sá að öll börn geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Þá kemur einnig fram að frístundakortinu sé ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttar-, lista- og tómstundastarfsemi.

Foreldrar ættu ekki að þurfa að ganga á upphæð frístundakortsins til að mæta gjöldum frístundaheimila. Þess skal getið að frístundakortið veitir styrk upp á 50.000 krónur fyrir barn á ári en mánaðarverð fyrir fimm daga viðveru á frístundaheimili, með síðdegishressingu er 17.285 krónur á mánuði. Það skapast því aðstöðumunur á milli foreldra ef ætlast er til þess að foreldrar illa staddir efnahagslega nýti frístundakortið vegna gjalda frístundaheimilis, á meðan foreldrar sem eru betur settir efnahagslega geta boðið börnum sínum upp á kostnaðarsamara en fjölbreyttara frístundastarf. Sem dæmi má nefna að Tónskóli Hörpunnar býður upp á hljóðfæranám í samkenntu, þar sem haustönnin kostar 87.750 krónur og kennt er einu sinni í viku. Æfingagjöld fyrir veturinn 2018-2019 (lok ágúst til lok maí) hjá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur kostar til að mynda 61.525 krónur fyrir níu ára gamalt barn og kennt er þrisvar í viku. Því er nauðsynlegt að afláttur sem stendur foreldrum í viðkvæmri efnahagslegri stöðu til boða vegna dvalar barna á leikskólum, eigi einnig við inni á frístundaheimilum, svo að líkur aukist á því að frístundakortið nýtist frekar í að bjóða börnum upp á að leggja stund á þá frístundastarfsemi sem vekur áhuga þeirra.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um afslátt af gjaldskrá frístundaheimila

Á fundi borgarstjórnar þann 18. september 2018 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að sá afsláttur sem námsmenn, einstæðir foreldrar og öryrkjar geta fengið af leikskólagjöldum barna sinna, nái einnig til gjalds vegna dvalar barna á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar.

Svar:

Greiðendur leikskólagjalda sem eru í afsláttarflokki 2 (einstæðir, báðir foreldrar í námi, öryrkjar o.s.frv.) fá 58% afslátt af leikskólagjöldum. 58% afsláttur af frístundagjaldi nemur 7.780 kr. fyrir 5 daga vistun.

Ef 15% foreldra fá 58% afslátt af vistunargjaldi í frístundaheimili er heildarupphæðin 39,9 m.kr. á ári.

Miðað við ofangreinda nálgun (15%) má reikna með að 535 börn muni njóta þessa afsláttar. Þessi nálgun byggir á þeim fjölda sem nýtur afsláttar í leikskólum.

Frá og með 1. janúar var ákveðið að hver fjölskylda greiði einungis eitt námsgjald þvert á skólastig. Afsláttur vegna annars barns verður nú 100% Þessi afsláttur var 50% milli skólastiga og 75% innan skólastigs. Afsláttur vegna 3. og 4. barns var 100% og verður það áfram.

Viðbótarkostnaður vegna þessara breytinga er áætlaður 135 m.kr. á árinu 2019.